


Dreglar og mottur

á frábæru verði!



Gummí takkamottur
 61x81cm **3.590**
 81x100cm **5.990**
 91x183cm **8.990**




Gúmmímottur margar gerðir og stærðir, verðdæmi 66x99cm
2.190



3mm gúmmidúkur finrifflaður
1.990 pr.lm.



Breidd: 1 metri
Verð pr. lengdarmeter
1.890



PVC mottur 50x80 cm
 66x120 cm kr **2.890**
 100x150 cm kr **5.590**



Breidd: 67 cm
Verð pr. lengdarmeter
1.595

Margar stærðir og gerðir

Kletthálsi 7, Reykjavík
 Fuglavík 18, Reykjanesbæ



MÚRBÚÐIN
 Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



Borgerður segir að hún og krakkarnir séu að skemmta sér og breikka sjóndeildarhringinn, svo öðlist þau smá innsýn í framtíð menningarheim. Markmiðið er ekki að kínverska verði annað tungumál krakkana.

Gítarinn ehf
Stórhöfði 27
s:5522125
www.gitarinn.is

Gítarpakki.
listaverð: 33.900,-
okkar verð: 25.900,-
Gítar,poki,ól,stillitæki,
auka strengjasett og
kennsluforrit.



Háskólanám erlendis

TJARNARBÍÓ LAUGARD. 29. OKT. • 12:00-17:00

Fulltrúar frá eftirtöldum skólum verða til viðtals á staðnum:

ARTS UNIVERSITY BOURNEMOUTH • **BIMM MUSIC SCHOOLS**

BOURNEMOUTH UNIVERSITY • GLASGOW SCHOOL OF ARTS

THE **LIVERPOOL** INSTITUTE FOR **PERFORMING ARTS**

MACROMEDIA UNIVERSITY • FLORENCE UNIVERSITY OF THE ARTS

NABA NUOVA ACCADEMIA DI BELLE ARTI • **DOMUS ACADEMY**

GRIFFITH UNIVERSITY; **QUEENSLAND COLLEGE OF ART**

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS

lingo
MÁLAMIÐLUN

MÁLAMIÐLUN

kenna svona ungum krökkum þá ertu svolítið í hlutverki skemmtikrafts. Ef þú vilt halda athygli þarftu að vera skemmtilegur. Eg reyni að finna upp á nýjum aðferðum og nýjum leikjum til að hafa betta sem skemmtilegast.“

Það ma auðveldlega sjá að Þorgerður er í miklu uppáhaldi á meðal barnanna sem hlaupa til hennar og faðma hana þegar hún mætir á svæðið: „Það er rosa gaman að mæta í vinnuna í Vesturbæjar-skóla, það er vel tekið á móti manni.“ Áhugi hennar og ástríða fyrir málinu skín líka í gegn, ekki síst þegar hún tekur nokkur dæmi fyrir blaðamann: „Tákníð fyrir stór er svona: (大) það er eins og maður sem er að lýsa því hvað eitthvað sé stórt. Og lítið er svona (小). Stór er borið fram „da“ og lítil er borið fram „sjá“. Svo kunna þau líka dýrin og afkvæmi þeirra þar sem „sjá“ er bætt framanvið heiti viðkomandi dýrs.“ Einnig fær blaðamaður að sjá kort af Kína, myndir og ýmiss fleiri kennslugögn útskýrð með leikrænum tilburðum.

Sumt auðvelt í kínversku

Það eru þó fleiri kostir við það að læra kínversku svo snemma að sögn Þorgerðar. Krakkarnir læra að það er ekki óyfirstíganleg hindrun að læra ný tungumál og þannig gæti kínverskan hjálpað til seinna meir þegar krakkarnir byrja á nýjum málum: „Þetta er þá minni áskorun seinna meir, því þau hafa prófað að takast á við frامandi tungumál.“ Þorgerður vill einnig meina að kínverskan sé ekki jafn erfið og margir halda: „Það eru engar beygingar af nokkru tagi. Ekkert kyn, engar tíðir, engar stigbreytingar. Það er auðvelt að byrja að tala. Áskorunin felst í því að verða góður í táknumum, þau eru svo mörg. Og að læra tónana. Okkar indó-evrópski tungumálaheili er ekki vanur því að ólíkir tónar gefi mismunandi merkingu. En tónninn er ófrávikjanlegur hluti merklingar orðsins í kínversku,“ segir Þorgerður og bætir við: „Það sem er erfið í íslensku er auðvelt í kínversku og öfugt.“

Það er í raun ýmislegt sem kínverskan og íslenskan eiga sameiginlegt. Bæði málin hafa varist tökuorðum að miklu leyti og eru bæði frekar gagnsæ, m.ö.ö. það er oft auðvelt að geta sér til um merkingu orða, ólíkt t.d. ensku sem notast heilmikið við orð sem að stofni til koma úr ólíkum tungumálum. Kínverska heitið á Íslandi er gott dæmi

um slíkt gagnsæi: „Ísland heitir „Bing dao“ (冰岛) á kínversku, sem er svo ljóðrænt - Íseyja. Það er ekki svona hljóðlíking eins og er reyndar algengt í landaheiti, sbr. Kínverska heiti Kólumbíu borið fram „Gölnubía“ (哥伦比亚), þar sem táknið myndar ekki neina merkingu aðra en hljóðlíkinguna.“

Spjallaði við Araba á kínversku

Staða Kína og kínverskunnar kemur einnig til tals: „Kína er fyrirferðarmikið á heimssviðinu, nokkuð sem sumum finnst óhugnanlegt en mér finnst eðlilegt, því Kínverjar eru bara svo stór hluti mannkyns. Einn af hverjum fimm á jörðinni er Kínverji.“ Kína var nokkuð óáberandi gagnvart Vesturlöndum á ákveðnum tímabilum en nú er fólk almennt meðvitaðra um landið. Áð sama skapi er kínverskan gríðarlega útbreitt mál: „Kínverskan er það tungumál sem flestir jarðarbúar tala, auðvitað skiptist hún í margar mállýskur og ég myndi ekki skilja þær margar. Hins vegar læra allir hið staðlaða opinbera mál, mandarín.“ Hún skilur þó áhyggjur Íslendinga að einhverju leyti: „Við erum lítil og fá og þau stór og fjölmenn.“ Blaðamaður spyr því hvort kínverskukennsla sé til þess fallinn að skapa skilning gagnvart Kínverjum og svarar Þorgerður: „Jú, ég myndi halda að það hefði góð áhrif á samskipti ef fleiri kunna málið og þekkja til. Einnig hafði ég mjög gaman að því að hitta kínverska nemendur sem voru að læra íslensku og voru í sömu sporum og ég, bara á hinum endanum.“

Hvort kínverskan sé að fara að leysa ensku af hólmi svarar Þorgerður neitandi en þó að kínverskan gæti komist á svipaðan stall sem heimstunga: „Enskan er ríkjandi í popptónlist og Hollywood-myndum og öllu þessu. En á móti kemur er kínverskan er tungumál sem þú heyrir víða. Það er gífurlegur fjöldi fólks að læra kínversku og ég hef upplifað það nokkrum sinnum að grípa til kínverskunnar sem sameiginlegs tungumáls. Ég var í biðröð til þess að endurnýja dvalarleyfið og þar var arabískumælandi maður sem kunni litla sem enga ensku svo við gátum aðeins talað saman á kínversku. Eins þá var ég að ferðast og hitti Rússa sem kunni enga ensku en svolitla kínversku. Svo þetta gæti einhvern tímann orðið hið nýja „lingua franca“. Þetta er tungumál sem er sjálf-sagðara að fólk kunni, heldur en áður var.

„Ísland heitir „Bing dao“ (冰岛) á kínversku, sem er svo ljóðrænt - Íseyja. Það er ekki svona hljóðlíking eins og er reyndar al-gengt í landaheitum, sbr. kínverska heiti Kólumbíu borið fram „Gölungbia“ (哥伦比亚), þar sem táknin mynda ekki neina merk-ingu aðra en hljóðlík-inguna.“

Veðurfréttir á kínversku

þegar líða tekur á viðtalið kemur veðurfar einnig til tals, skiljanlega enda lætur veðráttan hressilega í sér heyra fyrir utan gressann, svo mikið að blaðamaður er í raun farinn að teygja spjallið til þess að þurfa ekki að hætta sér út í bráð. Þorgerður útskýrir þá hvernig hún sætti lagi og undirþjó kennslustund í Landakotsskóla þar sem veðrið var í forgrunni: „Ég bjó til svona sjónvarp úr pappír. Það þýðir ekki annað en að kenna þeim um veðrið. Ég bjó til sjónvarp sem ég festi á vegginn en fyrst skoðuðum við orðaforðann. Tveir og tveir voru svo saman með mynd af mismunandi veðurfari, svo þóttumst við horfa á veðurfréttirnar saman. Já, það er spáð „sja ju“ (rigningu). Þetta er í raun hlustunaræfing þar sem ég var bara nýbúin að kenna þeim orðaforðann, svo skipti ég um stöð og þá eru teiknimyndir og svona.“

Vonandi vex áhuginn

Þorgerður fylgir krökkunum í Vesturbæjarskóla ekki áfram í þriðja bekk enda hefur hún nóg að gera í sínum störfum, og nemendur hennar samtals orðnir ríflega 150 talsins. Það er því ekki víst að krökkunum bjóðist kennsla aftur fyrr en í framhaldsskóla. Það má því spyrja hvað muni sitja eftir hjá krökkunum til framþúðar. „Vonandi tekst mér að sá áhuga fyrir þessu,“ segir Þorgerður. Ljóst er að kennslan mun vera krökkunum ágætis veganesti þegar haldið er áfram að læra ný tungumál en þó er aldrei að vita nema einhverjir krakkanna læri málið í háskóla í framtíðinni og hafi lífsviðurveru sitt af tungumálinu líkt og Þorgerður Anna.